

Stjórnarfundur í Geðhjálp 06.12.18

Mættir: Anna Gunnhildur, Hrannar, Sylviane, Þórður, Sveinn Rúnar, Kári Auðar, Bergþór, Maggý Hrönn, Halldóra, Garðar Sölvi, Áslaug og Einar Kári.

1. Yfirferð fundargerðar, undirskriftir (MHH).

Fundargerð lesin og samþykkt.

2. Geðhjálp Fyrirmynd 2018, Hvatningarverðlaun Bataskóla Íslands og tilnefning peysuverkefnis til sömu verðlauna fyrir verkefni innan ÖBÍ (HJ).

Geðhjálp hafa hlotnast þrjár viðurkenningar á innan við mánuði.

Samtökin hluti viðurkenningu Almannaheilla fyrir gæðastarf félagasamtaka undir yfirskriftinni *Fyrirmynd 2018*. Bataskólinn hlaut Hvatningarverðlaun ÖBÍ í flokki fyrirtækja og stofnana og Geðhjálp fékk tilnefningu til Hvatningarverðlauna ÖBÍ vegna peysuverkefnis Útmeð'a.

Stjórnin lýsti yfir stolti yfir starfsemi félagsins og tilhlökkun eftir að halda áfram á sömu braut til framtíðar.

3. Alþjóðleg menningarhátíð í september(HJ).

HJ sagði frá fundi með Hildi Loftsdóttur, verkefnisstjóra hátíðarinnar. Fram kom að næstu skref fælust í því að leita eftir samstarfi við Reykjavíkurborg og falast eftir tilboðum í vinnu við kynningu á hátíðinni hjá nokkrum auglýsingastofum. Hópurinn hittist aftur næsta miðvikudag.

4. Hópar um fordóma og viðmið fjölmiðla innan geðheilbrigðisstefnunnar (HJ, AGÓ).

Fram kom að velferðarráðuneytið hefði ýtt úr vör tveimur starfshópum út frá geðheilbrigðisstefnunni undir forystu Önnu Gunnhildar og Hrannars. Hrannar fer fyrir hópi um hvernig draga megi úr fordómum og Anna Gunnhildur fer fyrir hópi um viðmið til fjölmiðla í umfjöllun um fólk með geðrænan vanda. Mikilvægt er að fjalla um geðsjúkdóma af varfærni og virðingu fyrir einstaklingnum. Rætt og reifað.

5. Bataskóli Íslands, húsnæði (AGÓ, EB, HP).

Stjórnin veitti AGÓ heimild til að festa kaup á húsnæði fyrir Bataskólann að upphæð allt að 60 mkr gegn því skilyrði að Reykjavíkurborg féllist á að greiða kostnað og lágmarksleigu í gegnum þjónustusamning um rekstur skólans.

Tillagan var samþykkt með ellefu atkvæðum, einn sat hjá.

6. Fræðsla fyrir lögfræðinga (BGB)

BGB stakk upp á því að boðið yrði upp á fræðslu fyrir lögmennt með áhuga á að taka að sér dómsmál fyrir hönd fólks með geðrænan vanda, m.a. vegna nauðungarvistana og sjálfræðissviptinga. Fulltrúar í stjórninni ræddu hugsanlegt samstarf við ÖBÍ og Lögmannafélagið um verkefnið.

7. Headspace (AGÓ).

AGÓ sagði frá Headspace verkefninu. Verkefnið er upprunið í Ástralíu og felur í sér forvarnir og stuðning við ungt fólk, m.a. í gegnum svokallaðar Headspace-stöðvar. Félagsmálaráðherra hefur áhuga á að koma upp einni slíkri á höfuðborgarsvæðinu í vor. AGÓ lýsti yfir áhuga á að fá Patrick McGorry stofnanda Headspace til að tala á ráðstefnu um geðheilbrigði ungs fólks í vor. Stjórninni list vel á hugmyndina.

8. Fundur samráðsvettvangs geðúrræðanna með heilbrigðisráðherra (AGÓ).

AGÓ sagði frá fundi heilbrigðisráðherra með samráðsvettvangi geðúrræðanna næstkomandi mánudag. Fram kom að áhersla yrði lögð á að notendur kæmu til fundarins fyrir hönd félaganna. EB sagði eðlilegra að fulltrúar ráðuneytisins kæmu til notenda heldur en að notendur væru boðaðir í ráðuneytið. Fram kom að á fundinum yrði m.a. ítrekað að notendur yrðu ráðnir sem fyrst í geðheilsuteymi austur.

9. Dagsetning aðalfundar (HJ, AGÓ).

Samþykkt var að efna til aðalfundar Geðhjálpur laugardaginn 16. mars.

10. Önnur mál.

- Einar talaði um starfsgetumatið og útskýrði nýja kerfið lauslega. AGÓ mun sjá til þess að stjórnin fái kynningu þegar þar að kemur.
- Hrannar sagðist hafa í hyggju að efna til viðburðar um nýja nálgun á greiningum í janúar. Þessi nýja nálgun gæti leyst af hólmi flókið og snúið greinarkerfi.
- Fram kom að skynsamlegt væri að ræða við framkvæmdastjóra um starfsaðstöðu og starfsánægju.

Fundi slitið kl. 19:13

Maggý Hrönn Hermannsdóttir